

Nr. 20-063 S 047 Beitir NK 123***Skipverji slasast, efnaslys***

Skipaskr.nr. 2900
IMO 9674830
Útgerð: Síldarvinnslan hf.
Smíðaður: Litháen, 2014, stál
Stærð: 4138,3 bt.
Mesta lengd: 86,30 m Skráð lengd: 76,0 m
Breidd: 17,60 m Dýpt: 10,2 m
Vél: Wartsila, 5,220 kW, 2012
Fjöldi skipverja: 8



Beitir©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2020 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 4. júní 2020 var uppsjávarskipið Beitir NK 123 við bryggju á Akureyri.

Skipverji var að úða síður og loftþilið í lestinni með sterku hreinsiefni. Var hann með úðabrúsa með þriggja metra löngu röri og úðaspíss á endanum. Þegar hann var að úða upp fyrir sig lak efnið niður og náði að renna inn undir stakkaermar og í peysu hans á hægri handlegg með þeim afleiðingum að hann brenndist illa.

Farið var með slasaða á slysadeild og reyndist hann vera með þriðja stigs bruna á hluta handleggsins. Hann þurfti m.a. að fara í húðágræðslu og var frá vinnu í talsverðan tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að um var ræða Chloroclean hreinsiefni sem var alltaf notuð við þessi þrif. Þessu efni á að blanda 30% á móti 70% af vatni (30/70) og var talið að svo hefði verið í þetta skipti;
- að einn skipverjanna, sem m.a. hafði komið að blöndun þennan dag, sagði að ef efnið væri blandað of sterkt (þykk) í brúsanum sem verið væri að nota þá réði loftið í brúsanum ekki við að dæla því í gegnum rörið. Í brúsanum væri viðmiðunarstika sem skipverjar notuðu;
- að samkvæmt öryggisblaði efnisins skal nota vinnuhanska úr PVC eða PVD/PE, efnaþolin gleraugu með slettuvörn, efnaþolna svuntu og gúmmístígvél. Þá skal notuð öndunargríma með viðurkenndri síu ef hætta

er á úðamyndun. Ef fatnaður óhreinkast af efninu skal farið strax úr honum og þvo húð vandlega með vatni og sápu eftir vinnu eins og sjá má á eftirfarandi öryggisblaði:

- að fram kom að öryggisbúnaður fyrir þrif hefði verið til um borð s.s. andlitsgrímur, gleraugu og viðeigandi hlífðarfatnaður s.s. sjóstakkar með stroffi á ermum til nota við erfiðar aðstæður;
- að slasaði kvaðst hafa verið í hlífðarfatnaði sem væri notaður þ.m.t. hjálm og gúmmívettlinga en ekki með hlífðarglæraugu. Fram kom hjá honum að þau væru til um borð en enginn notaði þau vegna þess að mikil móða kæmu á þau. Fram kom hjá öðrum aðilum að þetta væri ekki rétt;
- að eftir atvikið var farið yfir verkferla og fram kom að niðurstaðan hefði verið sú að þeir hefðu virst í lagi fyrir utan viðeigandi hlífðarbúnaðar sem notaður var;
- að eftir atvikið var áhættumat fyrir þrif endurskoðað og farið yfir breytingar á því með áhöfninni. Áhættumat skipsins var uppfært í kjölfar slyssins og nýtt gefið út varðandi þrif með sterkum efnum sem hér má sjá:

Verkþáttur	Áhættuatriði	Orsakir	Likur	Alvarleiki	Áhætta	Forvarnir / úrbætur
Aðgerð/vinnuferli	Möguleg slys, heilsutjón, Álagssjúkdómar, óhöpp		1 mjög litlar 2 litlar 3 meðal 4 miklar 5 mjög miklar	1 mjög litill 2 litill 3 meðal 4 mikill 5 mjög mikill	Líkur * Alvarleiki 1 - 25	Fyrirbyggjandi aðgerðir
Lest skuluð og þrifin eða farið inn í tanka með sterk sápu efni t.d. klór og cloroclean.	Renna til og falla. Brennast af sápum/vítisóta.	Grútur, sterk sápa.	3	3-5	9-15	Sýna aðgæslu. vera með viðeigandi hlífðarbúnað, andlitsvör, sjóstakk með stroffi um únliði og góða hanska.

Áhættumat skipsins fyrir þrif með hættuleg efni

Eins og sjá má á áhættumatinu er alvarleikinn metinn allt að því mjög mikill, áhætta umtalsverð og fyrirbyggjandi aðgerðir liggja m.a. í andlitsvörnum ásamt sjóstakk með stroffi um únliði sem ekki var notað í þessu tilviki;

- að slasaði var mjög vanur til sjós og verið á þessu skipi í u.þ.b. fimm ár.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að ekki var notaður réttur hlífðarbúnaður.

Sérstök ábending:

Nefndin bendir á mikilvægi áhættumats og að það sé uppfært reglulega og sérstaklega ef óhöpp verða líkt og gert var í þessu tilfelli öðrum til eftirbreytni. Mikilvægt er að skipverjar fari eftir þeim reglum og verklagi sem áhættumat kveður á um.